

Tillaga A 1968/UVN
Flytjandi Norrænt frelsi
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um kortlagningu og forvarnir gegn upprunalandsferðum

Norrænt frelsi leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að kortleggja umfang upprunalandsferða innflytjenda og afkomenda þeirra
- að tryggja að öll norræn lönd uppfylli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með því að hindra upprunalandsferðir

Norrænt frelsi leggur einnig til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

- að tryggja að sveitarfélög, félagsmálaþjónusta og aðrar stofnanir búi yfir þeim úrræðum sem þau þurfa til að koma í veg fyrir upprunalandsferðir, t.d. með ferðabanni fyrir fjölskyldur sem liggja undir grun

að kanna og veita viðeigandi viðurlögum til að koma í veg fyrir upprunalandsferðir

Bakgrunnur

Upprunalandsferðir, þegar börn innflytjenda með t.d. múslímskan bakgrunn eru send til að dvelja lengi í upprunalandi innflytjendanna, er vel þekkt fyrirbæri og form ofbeldis gegn börnum. Það er ekki einungis svo að þessi börn missi af kennslu í skólum og séu rifin úr venjulegu umhverfi sínu heldur verða þau oft fyrir ofbeldisbrotum, trúarlegum heilapvætti eða eru neydd í nauðungarhjórabönd.

Erfitt hefur reynst að afla tölfræði um umfang þessa vanda þar sem flestum þessara dvala má lýsa sem löngu fríi og þar sem mörg börn segja ekki kennurum eða öðrum frá þeim. Þess vegna er erfitt fyrir sveitarfélögin að meta umfang vandans.

Í tilfelli Danmerkur sýnir rannsókn frá árinu 2018 að 34 af 95 sveitarfélög eru meðvituð um langvarandi dvöl erlendis og að 33 sveitarfélög vita um 204 tilfelli. Tveir þriðju hlutar sveitarfélaganna segjast ekki vita um mál af þessu tagi.

Enn minni tölfræði virðist vera til fyrir Svíþjóð en í svari til þingmannsins Söru Gille (SD) upplýsti félagsmálaráðherra Lena Hallengren árið 2020 að utanríkisráðuneytið hefði á þeim tímapunkti haft til meðferðar 25 tilfelli um nauðungarhjórabands eða umskurð barns í öðru landi.



Norrænt frelsi vekur athygli á því Norðurlöndin hafa öll undirritað barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1989 og að líta ber á upprunlandsferðir sem að lágmarki brot gegn grein 11.1-2 um ólöglegt brottám barna og að þeim sé haldið erlendis. Norrænt frelsi leggur enn fremur áherslu á að ríkisstjórnnum á Norðurlöndum er skylt að fara að grein 2.2 sáttmálans um vernd gegn hvers konar mismunun barna vegna skoðana eða trúar foreldra þeirra, en að mati hópsins er um slíka mismunun að ræða þegar börn eru ekki vernduð gegn óviðeigandi afleiðingum skoðana eða trúar. Norrænt frelsi óskar eftir því að ríkisstjórnir á Norðurlöndum leggi til hliðar fjármagn til að hjálpa sveitarfélögum og stofnunum að afla upplýsinga sem geta kortlagt umfang upprunlandsferða og að gripið verði til aðgerða gegn þeim, sem auk þess að vera alvarleg brot gegn börnum vinna einnig gegn aðlögun.

Kaupmannahöfn, 4. september 2023

Juho Eerola (saf)

Minna Reijonen (saf)

Joakim Vigelius (saf)

Pia Sillanpää (saf)

Angelika Bengtsson (SD)

Ann-Christine From Utterstedt (SD)

Victoria Tiblom (SD)

Staffan Eklöf (SD)

Mikkel Bjørn (DF)